



Ársskýrsla 2023

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Efnisyfirlit

Inngangur	2
A) Nemendur	3
<i>Samsetning nemenda</i>	3
<i>Hlutfall nemenda eftir búsetu</i>	4
<i>Samsetning nemenda eftir aldri og kyni:</i>	5
B) Nám	5
<i>Skólanámskrá, kennsluhættir, námsmat</i>	5
<i>Námsframboð</i>	6
<i>Skipting nemenda á námsbrautir</i>	7
<i>Brotthvarf, námsárangur og námsframvinda</i>	9
<i>Stuðningur</i>	10
<i>Brautskráning</i>	10
<i>Annálar</i>	11
C) Starfsfólk, stjórnun og samstarf við aðra	11
<i>Fjöldi starfsfólks</i>	11
<i>Meðallífaldur og meðalstarfsaldur starfsfólks</i>	12
<i>Aldursdreifing og menntun kennara</i>	12
<i>Jafnréttisáætlun</i>	13
<i>Samstarf við aðra</i>	14
<i>Erlend samskipti – alþjóðlegt samstarf</i>	14
D) Mat á skólastarfi	15
E) Stefnumiðuð áætlun og áherslur	15
<i>Markmið og árangur – stefnumiðuð áætlun</i>	15
<i>Áhersluverkefni – framvinda</i>	16
F) Fjármál – rekstur FVA	18
G) Prófill FVA	19

Inngangur

Skólaárið 2023 var fjölbreytt og fjörukt að vanda hér á Skaga. Innleiðing farsældarlaga og stefnumótun til framtíðar settu mark sitt á starfsemina. Sérstök áhersla var lögð á að efla námskraft, skuldbindingu og ábyrgð nemenda á námi sínu og skólanámskrá var endurskoðuð með það að leiðarljósi. Síðan nemendur sneru aftur í hús eftir heimsfaraldur hefur komið í ljós að mikið þarf til draga þá út úr skel þeirri sem skriðið var inn í þegar ósköpin dundu yfir. Brýnt er nú að styðja við nemendur með öllum ráðum, efla félagslíf þeirra og sífellt að hressa upp á náms- og kennsluaðferðir. Sem dæmi má nefna bókasafn skólans en þar hefur orðið stefnubreyting í þessum anda sem leiðir af sér betri aðsókn, nú vilja nemendur dvelja þar, læra, saman vinna verkefni og spjalla í notalegu andrúmslofti.

Viðburðir hvernar annar eru skráðir í **annála** sem birtast á vef skólans ([Útgefið efni](#)). Að vanda voru Opnir dagar, Skammhlaup og WestSide sem lífga upp á tilveruna í dagsins önn, vettvangs- og safnaferðir voru farnar með nemendum, þýskunemendur sóttu Berlín heim og myndlistarnemendur settu upp sýningar. FVA er vottaður Erasmus-skóli 2022-2027 og voru erlend samskipti á árinu blómleg.

Vinna við sameiginlega þróun og stefnumótun skólans til a.m.k. næstu fimm ára hófst í janúar 2023. Haldnir voru hópvinnumundir með starfsfólki í janúar og maí og lýðræðisfundur nemenda í mars með þátttöku allra. Stefnumótunin er unnin í samstarfi við ráðgjafarfyrtækið DecideAct og til varð sameiginleg framtíðarsýn og skilgreining á hlutverki skólans, greindar eru grunnstoðir og forgangsverkefni sem verið er að vinna með áfram. Meðal þátta í þessari þróun er stöðug ímyndarvinna og upplýsingagjöf, samskiptasáttmáli og gæðahandbók.

Í anda stefnumótunarinnar hefur áhersla verið lögð á að styðja vel við félagslíf nemenda og koma til móts við óskir þeirra en ekki knýja fram hvað okkur miðaldra fólkinu finnst að nemendur eigi að dunda sér við. Haldnir voru átta dansleikir á skólaárinu og komast aðrir framhaldsskólar ekki með tær þar sem við höfum hælana í þessu efni. Leiklistarklúbburinn Melló setti upp söngleikinn *Hlið við hlið* sem var sýndur átta sinnum í Bíóhöllinni fyrir fullu húsi. Sá gleðilegi atburður varð um vorið að harðsnúði lið FVA sigraði í rafíþróttakeppninni FRÍS og hampaði bikar sem TS hefur unnið sl. tvö ár frá því keppnin hófst.

Á heimavist FVA eru 30 herbergi, í misgóðu standi. Nýr heimavistarstjóri tók til starfa 1. ágúst og býr í íbúð í húsinu. Nú er vistin lokuð aðra hverja helgi í mánuði til að yta undir að nemendur fari heim til sín um helgar í stað þess að vera í gæslu á Akranesi. Öryggismyndavélar voru settar upp á heimavistinni og einnig í anddyri skólans og rafrænt lykklakerfi tekið upp. Ekki hefur enn fengist heimild frá Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir nauðsynlegum endurbótum á heimavist skólans þótt afar brýnt sé orðið að taka þar til hendi. T.d. þarf að skipta um herbergishurðir til að tryggja brunaöryggi og bæta hljóðvist, endurnýja þarf allnokkur baðherbergi og nauðsynlegt er að mála vistarverurnar annað/þriðja hvert ár sem hefur ekki verið gert og er yfirbragðið orðið ansi sjúskað. Þá hafa sivalir á bakhlið hússins verið teknar niður en engar settar í staðinn, sivalir framan á húsinu eru í niðurníðslu og það vantar sorpgeymslu utanhúss, svo fleiri dæmi séu tekin um ástandið. Ósk um úrbætur er hér með komið á framfæri til mennta- og barnamálaráðuneytisins sem setur velferð nemenda á oddinn og gæti mögulega þokað málinu áfram.

Að nýta tímann vel með nemendum er brýnna en nokkru sinni fyrr. Allt breytist hratt og tækniframfarir láta ekki bíða eftir sér. Gervigreindin er farin að láta til sín taka, sífellt þróaðri tækni sem bæði nemendur og kennarar eru að læra að tileinka sér. Við þurfum á næstu árum að leggja enn meiri áherslu á lestur, lesskilning, samvinnu og samtal í námi og kennslu. Það, ásamt skýrri framtíðarsýn og faglegrri áherslu á farsæld nemenda og starfsfólks til að bæta bæði námsumhverfi, árangur og velferð okkar allra, er langtímaverkefni sem skólinn vinnur að á næstu árum.

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari



A) Nemendur


Á vorönn 2023 voru 448 nemendur í námi við skólann og í upphafi annar á haustönn 2023 voru 505 nemendur skráðir í skólann.

Kynhlutlaus skráning kyns í þjóðskrá hefur verið möguleg frá janúar 2021 og er val einstaklings og forsjáraðila barna yngri en 15 ára. Á árinu 2023 voru engar kynhlutlausar skráningar hjá FVA og því aðeins tilgreind kynin kk (karl) og kvk (kona) í töflum sem varða tölfræði kynja í þessari skýrslu.


Samsetning nemenda í dagskóla og í dreifnámi á árinu 2023, miðað við fjölda og kyn:

Vorönn 2023	Karlar	Hlutfall kk. af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildarfjöldi
Dagskóli vorönn	235	52,46%	129	28,79%	364
Dreifnám vorönn	47	10,49%	37	8,26%	84
Samtals	282	62,95%	166	37,05%	448

Haustönn 2023	Karlar	Hlutfall kk. af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildarfjöldi
Dagskóli haustönn	278	55,05%	130	25,74%	408
Dreifnám haustönn	50	9,90%	47	9,31%	97
Samtals	328	64,95%	177	35,05%	505



Fjöldi nemenda H2022 í dreifnámi var óvenju mikill og margir útskrifuðst í desember. V2023 voru ekki teknir inn nýir hópar sem skýrir myndina hér fyrir neðan:



Próun nemendafjölda í **dagskóla** frá haustönn 2019:

H - 2019	V - 2020	H - 2020	V - 2021	H - 2021	V - 2022	H - 2022	V - 2023	H - 2023
404	361	431	370	404	343	387	364	408

Próun nemendafjölda í **dreifnámi** frá haustönn 2019:


H - 2019	V - 2020	H - 2020	V - 2021	H - 2021	V - 2022	H - 2022	V - 2023	H - 2023
77	69	107	114	143	134	151	84	97

Hlutfall nemenda eftir búsetu

Fjöldi nemenda (allir) á vorönn 2023 var 448 og á haustönn 2023 voru nemendur samtals 505. Sem fyrr er mikill meirihluti nemenda eða rúmlega 70% þeirra frá Akranesi og úr Hvalfjarðarsveit og tæplega 30% koma annars staðar frá. Nemendur í dreifnámi búa flestir utan Vesturlands. Hér fyrir neðan er tafla yfir hlutfallstölur nemenda eftir búsetu á árinu 2023 og næstliðin ár.

Lögheimili	H-2023	V-2023	H-2022	V-2022	H-2021	V-2021	H-2020	V-2020	H- 2019	V- 2019
Akranes	73%	73%	68%	69%	68%	69%	71%	73%	74%	74%
Hvalfjarðarsveit	3%	4%	3%	3%	3%	4%	4%	6%	6%	5%
Borgarnes og Borgarfjörður	5%	5%	7%	7%	7%	6%	6%	7%	6%	7%
Aðrir staðir á Vesturlandi	8%	8%	7%	8%	8%	7%	8%	6%	6%	5%
Utan Vesturlands	11%	10%	15%	14%	14%	14%	11%	8%	8%	9%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Hlutfall nemenda eftir búsetu yfir lengra tímabil má sjá á myndinni hér fyrir neðan:





Samsetning nemenda eftir aldri og kyni.

Samsetning nemenda eftir aldri og kyni á vorönn 2023					
Fæðingarár	Karlar		Konur		Alls
	Dagskóli	Dreifnám	Dagskóli	Dreifnám	
1970 og fyrr		1		3	4
1971 - 1980	1	7	1	6	15
1981 - 1990	2	19	1	10	32
1991		1		1	2
1992				1	1
1993		4		3	7
1994		3		2	5
1995	1			1	2
1996		4		2	6
1997	1	1	1	1	4
1998		2		2	4
1999	1	5		3	9
2000	2				2
2001	6		1		7
2002	7		2	2	11
2003	21		4		25
2004	52		37		89
2005	68		39		107
2006	71		39		110
2007	2		4		6
Samtals	235	47	129	37	448

Samsetning nemenda eftir aldri og kyni á haustönn 2023					
Fæðingarár	Karlar		Konur		Alls
	Dagskóli	Dreifnám	Dagskóli	Dreifnám	
1970 og fyrr		3		5	8
1971 - 1980	1	11		9	21
1981 - 1990	1	19		11	31
1991		2	1	3	6
1992		2			2
1993		2		2	4
1994		3		1	4
1995	3				3
1996	1	1		1	3
1997		3	1	1	5
1998	2	1		3	6
1999		3		3	6
2000	2			4	6
2001	4			2	6
2002	7		1	1	9
2003	10		1	1	12
2004	40		22		62
2005	66		33		99
2006	68		35		103
2007	73		36		109
Samtals	278	50	130	47	505

Vorönn 2023			
16-19 ára, fj. samtals	312	70%	af heildarfj.
20-24 ára, fj. samtals	54	12%	af heildarfj.
25 ára+, fj. samtals	82	18%	af heildarfj.

Haustönn 2023			
16-19 ára, fj. samtals	373	74%	af heildarfj.
20-24 ára, fj. samtals	39	8%	af heildarfj.
25 ára+, fj. samtals	93	18%	af heildarfj.

B) Nám

Skólanámskrá, kennsluhættir, námsmat

Ný skólanámskrá tók gildi í júní 2023 með breytingum á almennum reglum. Skólanámskrá er endurskoðuð árlega, meðal annars með það að markmiði að tryggja ávallt gæði menntunar. Þar er fjallað um skólastarfið almennt, námsframboð, kennsluhætti, þjónustu o.fl., sjá [Skólanámskrá](#). Í [kafli 2.3](#) er fjallað um námsmat, miðannarmat, verkefnaskil og prófreglur.

FVA starfar samkvæmt áfangakerfi. Skólaárið samanstendur af tveimur jafngildum önnum sem lýkur með námsmati. Miðað er við að ljúka stúdentsprófi á þremur árum og iðnnámi á tveimur og hálfu til þremur árum. Á árinu var rafvirkjabraut færð úr sjö önnum niður á sex annir og áfangar endurskoðaðir. Smíðuð var ný braut, meistaraskóli, um er að ræða dreifnám til 3ja anna en fyrsta önn hefst í janúar 2024.

Nemendur velja sjálfir áfanga á hverri önn í kennslukerfinu INNU, í samráði við áfangastjóra og náms- og starfsráðgjafa. Nemendur hafa aðgang að námsáætlun, stundatöflu og bókalista í INNU. Kennslustundir eru 55 mínútur, tvöfaldur tími er einu sinni í viku í flestum áföngum. Leitast er við að hafa námsmat í öllum áföngum fjölbreytt þar sem ólíkum matsaðferðum er beitt. Um miðja önn fer fram leiðbeinandi miðannarmat og í lok annar eru námsmats- og verkefnadagar þar sem blandast saman símat, leiðsagnarmat og lokapróf.



Námsframboð

Í töflunni er yfirlit yfir námsframboð hjá FVA á árinu 2023. Á vefsíðu eru aðgengilegar frekari upplýsingar um [Námsframboð](#) og [Brautalýsingar](#) sem eru uppfærðar fyrir hverja önn.

Námsframboð	Brautir á vorönn 2023	Brautir á haustönn 2023
Almennt nám	Framhaldsskólabraut (FRH)	Framhaldsskólabraut (FRH)
	Félagsfræðabraut (FÉL)	Félagsfræðabraut (FÉL)
Nám til stúdentsprófs	Náttúrufræðabraut (NÁT)	Náttúrufræðabraut (NÁT)
	Opin stúdentsbraut (OS)*	Opin stúdentsbraut (OS)*
	Viðbótarnám til stúdentsprófs (VIS)	Viðbótarnám til stúdentsprófs (VIS)
	Námsbraut í rafvirkjun (RAF)	Námsbraut í rafvirkjun (RAF)
	Námsbraut í húsasmíði (HÚ8)	Námsbraut í húsasmíði (HÚ8)
	Námsbraut í húsasmíði (HÚS)	Námsbraut í húsasmíði (HÚS)
Iðnnám	Grunnnám málmíðna (MG)	Grunnnám málmíðna (MG)
	Námsbraut í vélvirkjun (VS8)	Námsbraut í vélvirkjun (VS8)
	Grunnnám bíliðngreina (GB)	Grunnnám bíliðngreina (GB)
	Sjúkraliðabraut (SJÚ)	Sjúkraliðabraut (SJÚ)
Starfstengt nám annað en iðnnám	Starfsbraut (ST4)	Starfsbraut (ST4)
	Ótilgreint nám (ÓTN)	Ótilgreint nám (ÓTN)
Nám fyrir nemendur með þroskahömlun og skyldar raskanir		
Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann		

*Á opinni stúdentsbraut geta nemendur sérhæft sig t.d. á sviði íþróttar og heilsuefningar, lista og nýsköpunar, í tungumálum, tónlist eða í viðskiptagreinum.

Enn náðist ekki að hefja kennslu á [félagsliðabraut](#) á haustönninni, þrátt fyrir kynningu og ítrekaðar auglýsingar en brautin var fyrst auglýst haustið 2022. Hins vegar sóttu tæplega 40 manns um nám á [iðnmeistarabraut](#) sem var auglýst í nóvember sl. og hefst í janúar 2024. Á báðum þessum brautum er kennt í dreifnámi og staðbundnum lotum.



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Skipting nemenda á námsbrautir

Nemendur á vorönn 2023, samtals 448, skiptust þannig á námsbrautir:

Vorönn 2023 Námsbrautir	Skammst. brautar	Karlar	Hlutfall kk af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildar- fjöldi	Hlutfall af samtals heildarfj.
Framhaldsskólabraut	FRH	12	2,68%	2	0,45%	14	3,13%
Framhaldsskólabraut alls		12	2,68%	2	0,45%	14	3,13%
Félagsfræðabraut	FÉL	7	1,56%	25	5,58%	32	7,14%
Náttúrufræðabraut	NÁT	19	4,24%	22	4,91%	41	9,15%
Opin stúdentsbraut	OS	74	16,52%	70	15,63%	144	32,14%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VIS	5	1,12%			5	1,12%
Nám til stúdentsprófs alls		105	23,44%	117	26,12%	222	49,55%
Námsbraut í rafvirkjun	RAF	58	12,95%	3	0,67%	61	13,62%
Námsbraut í húsmiði	HÚS	63	14,06%	9	2,01%	72	16,07%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8	6	1,34%	1	0,22%	7	1,56%
Námsbraut í vélvirkjun	VÉL	23	5,13%			23	5,13%
Iðnnám alls		150	33,48%	13	2,90%	163	36,38%
Sjúkraliðabraut	SIÚ	1	0,22%	30	6,70%	31	6,92%
Sjúkraliðabrautir alls		1	0,22%	30	6,70%	31	6,92%
Ótilgreint nám	ÓTN	1	0,22%			1	0,22%
Ótilgreint nám alls		1	0,22%			1	0,22%
Starfsbraut	ST4	13	2,90%	4	0,89%	17	3,79%
Starfsbraut alls		13	2,90%	4	0,89%	17	3,79%
Samtals		282	62,95%	166	37,05%	448	100,00%




Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Nemendur á haustönn 2023, samtals 505, skiptust þannig á námsbrautir:


Hauðtönn 2023 Námsbrautir	Skammst. brautar	Karlar	Hlutfall kk af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildar- fjöldi	Hlutfall af samtals heildarfj.
Framhaldsskólabraut	FRH	14	2,77%	4	0,79%	18	3,56%
Framhaldsskólabraut alls		14	2,77%	4	0,79%	18	3,56%
Félagsfræðabraut	FÉL	6	1,19%	23	4,55%	29	5,74%
Náttúrufræðabraut	NÁT	20	3,96%	26	5,15%	46	9,11%
Opin stúdentsbraut	OS	81	16,04%	67	13,27%	148	29,31%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VIS						
Nám til stúdentsprófs alls		107	21,19%	116	22,97%	223	44,16%
Námsbraut í rafvirkjun	RAF	75	14,85%	4	0,79%	79	15,64%
Námsbraut í húsasmíði	HÚS	82	16,24%	10	1,98%	92	18,22%
Námsbraut í vélvirkjun	VSB	1	0,20%			1	0,20%
Námsbraut í vélvirkjun	VÉL	27	5,35%			27	5,35%
Iðnnám alls		185	36,63%	14	2,77%	199	39,41%
Sjúkraliðabraut	SJÚ	1	0,20%	40	7,92%	41	8,12%
Sjúkraliðabrautir alls		1	0,20%	40	7,92%	41	8,12%
Ótilgreint nám	ÓTN						
Ótilgreint nám alls							
Starfsbraut	ST4	21	4,16%	3	0,59%	24	4,75%
Starfsbraut alls		21	4,16%	3	0,59%	24	4,75%
Samtals		328	64,95%	177	35,05%	505	100,00%

Á myndum hér fyrir neðan má sjá a) skiptingu nemenda á námsbrautir á vor- og haustönn 2023 og b) skiptingu nemenda á brautir eftir kyni, meðaltal nemenda beggja anna.

a) Skipting nemenda á námsbrautir á vorönn 2023 og haustönn 2023:



- b) Skipting nemenda á brautir eftir kyni, nemendur á ársgrundvelli (meðaltal nemenda beggja anna er 476,5 (V2023 448 og V2023 505)):



Brotthvarf, námsárangur og námsframvinda

Hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu eru nýnemar skilgreindir sem nemendur sem eru að hefja nám í framhaldsskóla strax eftir lok grunnskóla. Árlegt brotthvarf mælir það brotthvarf úr námi sem á sér stað á einu skólaári (hlutfall nemenda sem hafa hætt í framhaldsskóla á skólaárinu án þess að útskrifast eða flytja sig í annan framhaldsskóla). Tilfærsla nemenda milli framhaldsskóla er ekki talin til árlegs brotthvarfs úr framhaldsskóla þar sem nemandi sem færir sig í annan framhaldsskóla stundar enn þá framhaldsskólanám.

Ráðuneytið hefur tekið saman bráðabirgðatölur fyrir nýnemabrotthvarf skólaárið 2022-2023 (haustönn 2022 og vorönn 2023):

Framhaldsskóli	Brotthvarf	Tilfærsla	Fjöldi nemenda
Árgangur á landsvísu	4,3%	10,9%	4340
FVA	5,6%	10,3%	107

Kappkostað er að rýna allar tölur vel, greina hópinn sem mögulega er í brotthvarfshættu og grípa hverju sinni inn í þar sem það er hægt. Ætíð er hugað að líðan nemenda og að veita þeim stuðning í námi til að auðvelda þeim að ljúka námi með góðum árangri á áætluðum námstíma (3 ár til stúdentsprófs, 2,5 – 3 ár til brautskráningar af iðnnámsbrautum).

Meðaleinkunn í skólanum á vorönn 2023 var 6,53 og fallprósenta 12%. Á haustönn 2023 var meðaleinkunn 7,3 og fallprósenta var 9,4%.

Með hugtakinu námsframvinda er átt við á hve löngum tíma nemendur ljúka námi. Eftirlit með námsframvindu og aðgerðir til eftirfylgni og úrbóta þegar þess þarf er í samræmi við áherslur yfirvalda um að fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma (styður við heimsmarkmið SP). Í töflu hér neðar er yfirlit yfir námsframvindu næstliðinna ára. Nokkur fjöldi nemenda lýkur námi til stúdentsprófs á 3,5 eða 4 árum en horft er til þess að aukinn og markviss stuðningur við nemendur fjölgi þeim sem útskrifast á áætluðum námstíma. Þá er rétt að halda því til haga að hluti nemenda byrjar í bóklegu námi á fyrstu önn og flytur sig á iðnbrot síðar á námstímanum. Eftirlit með námsframvindu tengist m.a. markmiðum kjarnastarfsemi í [stefnumiðaðri áætlun](#). Sjá yfirlit yfir árangur á síðastliðnum árum:



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

	Loknar ein >40 eftir 2 annir	Loknar ein > 80 eftir 4 annir	Brautskáning á áætluðum námstíma (3 ár til stúd.prófs)
	Hlutfall lokinna ein.	Hlutfall lokinna ein.	Hlutfall
Vor 2018	82,90%	76%	43%
Vor 2019	83%	92%	44%
Vor 2020	84%	86%	44%
Vor 2021	75%	76%	43%
Vor 2022	93%	75%	46%
Vor 2023	82%	86%	20%

Stuðningur

Auk kennara er sérhæft starfsfólk nemendum til halds og trausts:

- Stoðteymi samanstendur af náms- og starfsráðgjöfum í 1,5 stöðugildum, skólahjúkrunarfræðingi í 50% stöðu (12,5% hlutfall er greitt af Heilbrigðisstofnun Vesturlands) og frá haustönn 2023 kom til starfa sálfræðingur í 75% starfshlutfalli. Heimavistarnemendur fá að auki sérstakan stuðning. Teymið vinnur náið með EKKO-mál.
- EKKO-teymi FVA vinnur ötullega að forvörnum og sérhæfir sig í viðbrögðum við einelti, kynbundnu og kynferðislegu áreiti. Í teyminu sitja námsráðgjafar, jafnréttisfulltrúi, fulltrúar nemenda, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi stjórnenda. Í Viku Sex skipulagði teymið ásamt stjórn NFFA og Jafnréttisklúbnum Bríeti metnaðarfulla fræðsludagskrá og sá um skipulag viðburða þar sem þemað var samskipti og sambönd. Stefna, forvarnaráætlun, verklagsreglur og leiðbeiningar um meðferð EKKO mála eru aðgengileg í [gæðahandhandbók](#) skólans á vefnum. Endurskoðun hófst á árinu og lýkur á vorönn 2024.
- Að auki starfar farsældarteymi í skólanum sem er skipað þremur tengiliðum auk þess sem deildarstjóri starfsbrautar hefur mörg mál á sinni könnu. Teymið fundar reglulega á önninni og fulltrúar þess taka þátt í samstarfi við Akraneskaupstað frá hausti 2022, á grundvelli laga nr. 86/2021 en Akranes er innleiðingarsamfélag á farsældarlögunum. Á árinu 2023 nutu tæplega 30 nemendur samþættrar þjónustu í skólanum á grundvelli farsældarlaga.

Skólinn tekur einnig þátt í samstarfi gegn ofbeldi og afbrotum með helstu lykilaðilum á Vesturlandi og er formleg samstarfsyfirlýsing í vinnslu.

Eins og áður var námsaðstoð í stærðfræði og íslensku veitt í Verinu, aðsókn er dræm en við látum ekki deigan síga.

Brautskráning

Brautskráningarathöfn á vorönn 2023 var þann 19. maí og voru 54 nemendur brautskráðir.

Brautskráningarathöfn á haustönn 2023 var þann 19. desember og brautskráðir voru 55 nemendur.

Yfirlit yfir brautskráða á vorönn 2023 og haustönn 2023:

Brautskráningar frá FVA	Vorönn 2023		Haustönn 2023		Árið 2023 kk/kvk
	kk	kvk	kk	kvk	
Stúdentspróf	4	15	10	4	33
Brautskráning af iðnbraut	22	3	22	3	50
Brautskráning af starfsbraut					
Meistaránám					
Brautskráning af sjúkraliðabraut		3	1	10	14
Lokið viðbótarnámi eftir brautskráningu af iðnbraut eða sjúkraliðabraut	5				5
Lokið stúdentsprófi og brautskráningu af iðnbraut eða sjúkraliðabraut	1		2	2	5
Starfsbraut	1		1		2
Samtals	33	21	36	19	109
Samtals hvor önn		54		55	

Annálar

Það sem helst bar til tíðinda úr skólastarfi 2023 er fært í annála sem eru aðgengilegir á vefsíðu FVA:

[Annáll vorannar 2023](#)

[Annáll haustannar 2023](#)

C) Starfsfólk, stjórnun og samstarf við aðra

Skólameistari FVA frá 1. janúar 2020 er Steinunn Inga Óttarsdóttir. Hún viðhefur lýðræðislega stjórnunarhætti og leiðir með þjónandi forystu. Hún er sjötti skólameistarinn frá stofnun skólans 1977.

Frá því í janúar 2020 hefur áhersla verið lögð á að efla nám og kennslu og styðja við mannauð skólans, bæta kjör og vinnuaðstæður, styrkja mórallinn og hlúa að fagmennsku kennara. Starfsmannasamtöl eru árleg og snerpusamtöl í kjölfar kennslukannana sömuleiðis. Stutt er við starfsmannafélagið KOSS í hvívetna. Hátt í 80 manns mættu á árs hátíð starfsfólks og var sungið og dansað fram á nótt, farið var í frábæra starfsmannaferð í nágrennasveitarfélög í lok vorannar og jólahlaðborð í Miðgarði fór vel fram ef frá eru talin tvö beinbrot. Við erum dugleg að gera okkur dagamun í vinnunni og starfsfólk fær alltaf veglega jólagjöf frá skólanum.

Endurskoðun stofnanasamnings Kí starfsfólks lauk í nóvember. Enn ein starfsaldurshækkun bættist við samninginn í þessari umferð, þ.e. 6 ár og eru þær þá orðnar fimm. Samtals hafa frá árinu 2020 bæst í samninginn ein grunnlaunahækkun og tvær starfsaldurshækkanir auk tveggja eingreiðslna og fjölda tíma til viðbótar í ýmis verkefni. FVA vermir nú sæti meðal átta efstu framhaldsskóla varðandi launakjör eftir að hafa skrpað botninn um nokkurra ára skeið. Skólinn kemur betur og betur út í Stofnun ársins frá 2020 (2023: 4,20) og við leggjum okkur fram um að bæta og breyta til að auka starfsánægju og velferð starfsfólks. Hækkanir þessar hafa rúmast innan fjárheimilda skólans.

Fjöldi starfsfólks

Fjöldi starfsfólks FVA á vorönn 2023 var 63, þar af 46 kennarar í 38,98 stöðugildum og annað starfsfólk var 17 í 13,99 stöðugildum.

Fjöldi starfsfólks á haustönn 2023 var 68, þar af 46 kennarar í 43,55% stöðugildum og annað starfsfólk var 22 í 18,64 stöðugildum. Á haustönn fjölgaði nemendum á starfsbraut og voru þrír nýir starfsmenn ráðnir; þroskaþjálfari og tveir stuðningsfulltrúar.

2 kennarar voru í námsleyfi skólaárið 2023-2024.

Kennarar samtals 46 (38,98 stöðugildi) á vorönn 2023 og 46 (43,55 stöðugildi) á haustönn 2023:

Kyn	Vorönn 2023			Haustönn 2023		
	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.
Karlar	23	50,00%	19,9	20	43,48%	18,98
Konur	23	50,00%	19,08	26	56,52%	24,57
Heildarfj.	46	100,00%	38,98	46	100,00%	43,55

Annað starfsfólk samtals 17 (13,99 stöðugildi) á vorönn 2023 og 22 (18,64 stöðugildi) á haustönn 2023:

Kyn	Vorönn 2023			Haustönn 2023		
	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.
Karlar	3	17,65%	2,5	5	22,73%	4,25
Konur	14	82,35%	11,49	17	77,27%	14,39
Heildarfj.	17	100,00%	13,99	22	100,00%	18,64



Meðallífdur og meðalstarfsaldur starfsfólks

Aldur starfsfólks 2023	Ár	kk	kvk
Kennarar			
Meðallífdur, ár	47,97	46,92	49,35
Meðalstarfsaldur ár	8,37	8,96	7,6
Allir			
Meðallífdur, ár	47,75	48,15	47
Meðalstarfsaldur ár	7,55	8,02	6,68

Meðallífdur hefur farið lækkandi undanfarin ár (var 51,13 2020 og 48,85 2022) einkum í tengslum við lok starfsferils vegna aldurs og nýir kennarar hafa komið í þeirra stað.

Aldursdreifing og menntun kennara

Aldursdreifing kennara, karla og kvenna, í fullu starfi og í hlutastarfi var eftirfarandi:

Aldur í árum	Vorönn 2023				
	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	
20 - 29	1	0	1	0	2
30 - 39	4	2	0	2	8
40 - 49	3	5	2	3	13
50 - 59	5	5	2	0	12
60 - 69	4	5	1	1	11
Samtals	17	17	6	6	46

Aldur í árum	Haustönn 2023				
	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	
20 - 29	2	0	0	1	3
30 - 39	4	6	0	1	11
40 - 49	3	6	0	1	10
50 - 59	5	6	1	0	12
60 - 69	4	4	1	1	10
Samtals	18	22	2	4	46

Menntun kennara, karla og kvenna, í fullu starfi og hlutastarfi var eftirfarandi:

Á vorönn 2023 voru 34 kennarar í fullu starfi; allir utan þrjár með kennsluréttindi eða í kennsluréttindanámi og með menntun í kennslugrein. Þá voru 12 í hlutastarfi á vorönn og allir utan tveir með kennsluréttindi og annar þeirra í námi til kennsluréttinda. Á haustönn 2023 voru 40 kennarar í fullu starfi; allir utan fjórir með kennsluréttindi og menntun í kennslugrein en af þeim eru þrjár í kennsluréttindanámi. Þá voru 6 í hlutastarfi á haustönn og allir utan einn með kennsluréttindi og menntun í kennslugrein.

Meirihluti kennara við skólann var með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum sem hér segir:


Menntun	Vorönn 2023				
	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk
	kk	kvk	kk	kvk	
MA/MS/PhD+UK	3	10	3	4	20
MA/MS/PhD					
BA/BS +UK	2	7		2	11
BA/BS	1		1		2
Iðnm. +UK	9		1		10
Iðnm.	2				2
Sveinspróf					
Annað			1		1
Samtals	17	17	6	6	46

Menntun	Haustönn 2023				
	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk
	kk	kvk	kk	kvk	
MA/MS/PhD+UK	3	13	1	2	19
MA/MS/PhD		1		1	2
BA/BS +UK	2	7		1	10
BA/BS	1				1
Iðnm. +UK	9		1		10
Iðnm.	3				3
Sveinspróf		1			1
Annað					
Samtals	18	22	2	4	46



Fjölbrotaskóli Vesturlands á Akranesi

Í gegnum árin hefur skort verulega á að kennarar í verknámi hafi kennsluréttindi en nú hefur þeim fjölgað sem hafa lokið náminu. Af sex leiðbeinendum í fullu starfi haustið 2023 eru fjórir komnir vel áleiðis í námi til kennsluréttinda. Markvisst er unnið að því að hvetja þá kennara sem starfa án réttinda við skólann til að stunda kennsluréttindanám s.s. með almennri hvatningu í starfsþróunarsamtölum, með tímabundinni umbun í launasetningu og sveigjanleika í stundaskrá til að stunda námið.



Stjórnendateymi skólans 2023 skipuðu sem fyrr skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri og gæðastjóri/verkefnastjóri. Deildarstjórum fjölgaði um einn á árinu þegar starfsemi stoðteymis var formgerð. Teymið liðsinnir nemendum, þjónustar nemendur og forráðamenn þeirra, eru málsvarar nemenda og trúnaðarmenn og standa vörð um velferð þeirra – sjá nánar á vefsíðu skólans um [stoðteymi](#). Deildarstjórar eru nú samtals 10, þ.e. 6 konur og 4 karlar, sem héldu utan um eftirfarandi námsgreinar/verkefni:

Verkefni/námsgreinar deildarstjóra frá haustönn 2023	Deildarstjórn
Erlend tungumál, íslenska sem annað tungumál	kvk
Húsasmíði	kk
Íslenska og skapandi greinar	kvk
Rafvirkjun	kk
Raungreinar, íþróttir, heilbrigðisgreinar	kvk
Samfélagsgreinar, lífsleikni, saga	kk
Starfsbraut	kvk
Stoðteymi	kvk
Stærðfræði, upplýsingatækni og viðskiptagreinar	kvk
Vélvirkjun	kk

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun FVA var endurskoðuð í byrjun ársins og ný áætlun með gildistíma til 2026 var send Jafnréttisstofu til samþykktar í lok mars. Í byrjun apríl staðfesti Jafnréttisstofa að áætlun FVA uppfylli kröfur laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. [Jafnréttisáætlun FVA](#) er aðgengileg á vefsíðu skólans.

Skýrsla um stöðu jafnréttismála í skólanum er send Jafnréttisstofu þegar beiðni um slíkt berst en Mennta- og barnamálaráðuneytið fylgist með því að jafnréttis sé gætt í skóla- og uppeldisstarfi frá því að ný lög tóku gildi 2021, lög nr. 150/2020 og lög nr. 151/2020. Nýjasta [skýrsla um stöðu jafnréttismála \(frá 2022\)](#) er aðgengileg á vefsíðu skólans.

Jafnréttisfulltrúi hélt úti fræðslu fyrir starfsfólk þar sem áhersla var á hugtaka- og orðanotkun í kynjafræðum og jafnréttismálum. Jafnframt var fræðslan birt í [Skruddu](#), rafrænu fréttabréfi skólans. Nálgunin var til þess fallin að kennarar gátu í framhaldi tekið umræðu með nemendum um málin. Þá var jafnréttisfélagið Bríet endurreist á árinu en stjórn þess skipa 6 stúlkur.

Samstarf við aðra

Skólinn er í formlegu samstarfi með Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja um ýmis sameiginleg mál. Auk þess er haldið sambandi við Menntaskóla Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóla Snæfellinga um ýmis fagleg mál, s.s. félagslíf nemenda o.fl. Skólinn á einnig samstarf við grunnskóla á Vesturlandi, t.d. varðandi innritun og félagslíf í skólanum. Þá á skólinn gott samstarf við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Stóriðjuskóla Norðuráls um námsframboð.

Gott samstarf er haft við Akraneskaupstað um velferð nemenda. M.a. eru vikulegir fundir haldnir í farsældarteymi FVA með fulltrúum frá Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar. Einnig er haft gott samstarf við Tónlistarskólann á Akranesi og grunnskólana tvo í bænum. Kynning á námi í FVA, bæði bóknámi, iðnnámi og á afrekssviði í íþróttum, er alla jafna fastur punktur. Skólameistari situr í stjórn Þróunarfélags um nýsköpunarsetur á Breið á Akranesi. Á Breið er FabLab-smiðja Akraness þar sem nemendur FVA eiga fasta tíma í stundatöflu og hefur skólinn skilað umsömdu framlagi ráðuneytis upp á 4 milljónir til félagsins.

Skólameistari var skipaður varamaður í kennararáði þann 19. september; nánar um hlutverk má sjá í 7. gr. laga nr. [95/2019](#) um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Ráðið fundar mánaðarlega og hefur starfsaðstöðu hjá Menntamálastofnun. Skólameistari er aðalmaður í uppstillinganefnd Skólameistarafélags Íslands.

Gjöfult samstarf er við Heilsugæslu Vesturlands (HVE) um nám og kennslu á sjúkraliðabraut. Skólinn er í samstarfi við HVE um nemendapjónustu og greiðir HVE 12,5% starfshlutfall geðhjúkrunarfræðings.

[Skólanevnd](#) fundaði fjórum sinnum á árinu og urðu formannsskipti í desember.

[Foreldraráð FVA](#) fundar reglulega og á gott samstarf við stjórnendur skólans.

Erlend samskipti – alþjóðlegt samstarf

Eins og fram kom í inngangi voru erlend samskipti blómleg á árinu en FVA er vottaður Erasmus-skóli 2022-2027. Verkefni voru mörg og utanumhaldið mikið, bæði vegna undirbúnings, ferða, kynninga, funda og afurða, s.s. kennsluefnis sem verður til og skýrslna. Fjallað er um [alþjóðlegt samstarf í skólanámskrá](#) en þar má einnig nálgast reglur um utanlandsferðir nemenda á vegum skólans og [Alþjóðastefnu FVA](#).

Samstarf vegna Erasmus, Norplus og annarra verkefna, sjá töflur:

Heiti verkefnis	Megininntak (s.s. umhverfismál....)	Ferð (hvert) eða móttaka á Akranesi	Fjöldi kennara FVA	Fjöldi nem. FVA	Fjöldi gesta hjá FVA ef við á
Education Lighthouse	Nordplus Menntamál	Vilnius og Mazeikiai, Litháen – 5 dagar	2	8	-
Be Green	Umhverfismál	París, Frakkland – 4 dagar	2	3	-
Be Green	Umhverfismál	Bitonto, Ítalía – 5 dagar	2	3	-
Be Green	Umhverfismál	Krít – 6 dagar	3	-	-
Be Green	Umhverfismál	Akranes, Ísland – 5 dagar	3	7	23
Be Green	Umhverfismál	Sofía, Bulgária – 5 dagar	2	3	-
Education Lighthouse	Nordplus Menntamál	Helsinki, Finnland – 4 dagar	2	-	-
Berlín - FVA valáfangi	Þýska	Berlín, Þýskaland - 4 dagar	2	13	-



Erlendir gestir hjá FVA á skólaárinu

Hvaðan gestir koma	Megininntak	Fjöldi gesta
Rostock -	Kynna sér verknám	1 kennari
Þýskaland -Walter Gropius Schule	Kynna sér verknám	3 kennarar
Ítalía -Liceo Statale Lombardo Radic	Kynna sér náttúrugreinar; undirbúningur fyrir mögulegt frekarar samstarf	2 kennarar

D) Mat á skólastarfi

Kennslukannanir sem skólinn gerir voru lagðar fyrir í völdum áföngum á báðum önum (V2023 og H2023). Þar gafst nemendum tækifæri til að koma á framfæri mati sínu á kennslu og námsefni. Í framhaldi fóru fram snerpusamtöl við kennara þar sem farið var yfir niðurstöður hvers og eins með það að markmiði að finna leiðir til að gera betur, eftir því sem við átti.

Íslenska æskulýðsrannsóknin, þýðisrannsókn á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytisins var lögð fyrir nemendur H2023. Um var að ræða sérútbúinn spurningalist en niðurstöður hafa ekki verið birtar.

Innra mat er framkvæmt árlega í lok hvers skólaárs og umfjöllun um niðurstöður og mat, m.a. á grundvelli niðurstaðna kennslukannana og annarra kannana; [skýrsla](#) er aðgengileg á vef skólans og er henni jafnframt skilað til ráðuneytisins. Markmið með matinu er að veita upplýsingar um starfshætti skólans og árangur, stuðla að umbótum og vera liður í skólaþróun. Matið er einnig verkfæri til að tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá og að réttindi nemenda séu virt samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr. laga nr. 92/2008 með síðari breytingum). [Verk- og framkvæmdaáætlun fyrir innra mat 2022-2025](#) má nálgast á vef skólans.

Stofnun ársins. Niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir starfsfólk haustið 2022 lágu fyrir í febrúar 2023: Heildareinkunn FVA var 4,21 og settu árangursmarkmiði í stefnumiðaðari áætlun því náð (4,2). Allar upplýsingar um könnunina og helstu niðurstöður eru aðgengilegar á vef [Sameykis](#). Sem fyrr voru þessir þættir kannaðir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt auk jafnréttis. Á vef skólans má sjá [Þróun einkunna FVA](#) í Stofnun ársins frá 2019. Ljóst er að vel hefur gengið í sameiginlegu verkefni stjórnenda og starfsfólks við að efla starfsánægju. Þróunin hefur blásið okkur byr í brjóst og sett var markmið um að ná einkunninni 4,3 í næstu könnun sem lögð var fyrir starfsfólk haustið 2023. Niðurstöðu er að vænta í feb-mars 2024.

Ytra mat fer fram á nokkurra ára fresti, þ.e. úttekt Mennta- og barnamálaráðuneytisins á því hvernig framhaldsskólar uppfylla skyldur í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Síðasta úttekt á starfsemi FVA fór fram haustið 2022 og eru niðurstöður birtar í úttektarskýrslu, [Ytra mat](#), sem er aðgengileg á vef skólans. Skólastarfið í heild fékk afar góða dóma en á árinu 2023 var unnið að umbótaverkefnum á grundvelli niðurstaðna, sjá nánar í kaflanum Áhersluverkefni – framvinda hér neðar.

E) Stefnumiðuð áætlun og áherslur

Markmið og árangur – stefnumiðuð áætlun

Stefnumiðuð áætlun FVA til þriggja ára er í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og ber skólameistari ábyrgð gagnvart ráðherra á að starfsemi skólans samræmist henni. Áætlunin endurspeglar áherslur stjórnvalda hverju sinni og í stefnuskjali FVA, þ.e. stefnumiðaðri áætlun, er gert grein fyrir hvernig skólinn vinnur að settum markmiðum, hvaða mælikvarðar eru lagðir til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna. Áætlun frá 2022 var endurskoðuð haustið 2023 og ný áætlun mótuð til næstu ára. Stefnskjalin er aðgengileg á vef skólans:

[Stefnumiðuð áætlun 2023-2025](#)

[Stefnumiðuð áætlun 2024- 2026](#)



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

Í inngangi kom fram að í byrjun árs 2023 hófst vinna við stefnumótun skólans með aðkomu starfsfólks og nemenda. Mótuð var framtíðarsýn til næstu ára, hlutverk og meginstöðir skilgreindar. Stefnumótunavinnan heldur áfram á næsta ári, í góðu samstarfi við starfsfólk og nemendur. Þættir úr heildstæðri stefnu FVA verða nýttir í stefnumiðaða áætlun skólans sem endurspeglar áherslur stjórnvalda.

Megináherslur í stefnu



Áhersluverkefni – framvinda

Auk aðgerða sem tíunduð eru í tengslum við markmið stefnumiðaðrar áætlunar er fjöldi annarra verkefni í gangi á hverjum tíma. Reglubundið er lagt mat á hvort framvinda er í samræmi við væntan árangur og brugðist við eftir því sem við á, t.d. með því að endurskoða og meta hvort önnur nálgun kunni að vera árangursríkari eða hvort þolinmæði og hvatning er það sem til þarf. Áhersluverkefni eru af tvennum toga:

a) *Ýmis verkefni sem voru á dagskrá á árinu 2023 og ekki hafa verið tíunduð hér framur verða áfram í vinnslu á næsta ári/árum*

- [Gæðahandbók](#) FVA á vefnum er nú öllum aðgengileg; endurskoðun og uppfærsla gæðaskjala er sífelluverkefni en einnig er unnið að því að skrá mikilvæga verkferla með það að markmiði að tryggja samræmda og rétta meðferð mála.
- Jafnlaunakerfi FVA styður okkur í viðleitni við að tryggja konum og körlum jöfn laun fyrir sömu og jafnverðmæt störf og var innleitt árið 2020. Árleg úttekt vottunarstofunnar iCert á kerfinu fór fram í desember 2022. Niðurstaða lá fyrir í febrúar 2023 og var á þá leið að jafnlaunakerfið og framkvæmd hjá FVA uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Áframhaldandi vottun á kerfið var því í höfn. Verklagsreglur og önnur skjöl kerfisins eru aðgengileg í [Gæðahandbók](#) undir ferlinu [jafnlaunamál](#).
- Skólinn er þátttakandi í verkefninu [Heilsueflandi framhaldsskóli](#); heilsueflingarteymi skólans í samstarfi við fulltrúa nemenda, vinnur að því að styðja nemendur og starfsfólk til heilbrigðs lífsstíls á öllum tímum. Áfram er unnið með gátlista Landlæknis undir merkjum Heilsueflandi framhaldsskóla en ávinningurinn felst í því að greina tækifæri til umbóta og hrinda þeim í framkvæmd.
- Skólanum er heimil vinnsla persónuupplýsinga að því marki sem nauðsynlegt er til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. [Persónuverndarstefna FVA](#) er aðgengileg á vefsíðu skólans og í [Gæðahandbók](#) undir ferlinu [persónuverndarmál](#) má nálgast leiðbeiningar og verklagsreglur skólans um meðferð þeirra. Nemendur og starfsfólk fá reglubundið fræðslu um hvað má og hvað ber að varast varðandi persónuvernd.
- [Samskiptasáttmáli FVA](#) var fullmótaður vorið 2023 í samstarfi við nemendur og starfsfólk. Með sáttmálanum urðu til leikreglur og leiðbeiningar um hvernig við stuðlum að góðum og árangursríkum samskiptum sem styðja við stefnu skólans og EKKO forvarnir, ásamt gildunum jafnrétti, virðing og fjölbreytileiki.
- FVA hefur skilað [Grænu bókhaldi](#) frá árinu 2020. Síaukin áhersla hefur verið á umhverfisstarf í skólanum og í árslok 2022 höfðum við náð 4. Græna skrefinu. Á árinu 2023 var unnið markvisst að því ná lokaskrefinu, þ.e. 5. Græna skrefinu, í höfn á vorönn 2024. Unnið er samkvæmt [gátlista](#) Umhverfisstofnunar fyrir Græn skref.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

- Allt árið voru á dagskrá verkefni og viðburðir til að styðja við heilbrigðan lífsstíl nemenda og starfsfólks sem endurspeglast í bættri líðan, s.s. með útivist, keppnum, ratleikjum og heilsusamlegu fæði í mötuneyti skólans, en grænkerafæði er valkostur og boðið er upp á frían hafragraut að morgni.

b) Staða verkefna í árslok 2023 sem skilgreind voru í úrvinnsluáætlun fyrir skilgreind tækifæri til umbóta í [Ytra mati 2022](#)

<i>Þættir</i>	<i>Úrvinnsla – lokið 2023</i>	<i>Úrvinnsla – áfram 2024</i>
1. Stjórnun og skipulag		
Virkja betur samráð við skólanefnd og foreldra m.a. við mótun stefnu skólans	x	
Ljúka við heildstætt gæðakerfi og gæðahandbók fyrir skólann skv. ISO9001 kerfinu	x	
Vinna áfram með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnumótun skólans	x	
Ljúka við stefnu um nám- og kennslu í FVA	Í kjölfar stefnumótunarvinnu 2023	x
Endurskoða skipurit	x	
2. Kennsla og námsframboð		
Stefna að því að allir kennarar hafi lokið námi til kennsluréttinda	Sífelluverkefni: Þegar í vinnslu, m.a. með svigrúmi í stundaskrá til náms	x
Mikil starfsmannavelta sl. 5 ár	x	
Skoða fjölbreyttar kennsluáðferðir í öllum námsgreinum/áföngum	Sífelluverkefni; stöðug hvatning til aukinnar starfsþr. kennara, m.a. í gegnum stofnanasamning	x
Námsgögn í sumum tilfellum komin til ára sinna	Endurskoðun falin deildarstjórum 2023 og áfram	x
3. Samskipti og líðan		
Ljúka við samskiptasáttmála	x	
Skoða þarf líðan nemenda í skólanum	Sífelluverkefni; kannanir 2023 skv. áætlun; aukin stoðþjónusta	x
Koma foreldraráði í meiri virkni	x	
Nýta tækifærið með 10. bekk í húsnæði skólans til aukinnar samþætt. á námi og tengslum skólastiganna	x	
Setja aukinn kraft í félagslíf skólans og virkja fleiri nemendur til þátttöku s.s. í klúbbastarfi	x	x
4. Húsnæði og aðbúnaður		
Stöðugt viðhald á húsnæði og ljúka endurnýjun heimavistar	Sífelluverkefni í eftirfylgd við Framkvæmdasýsluna	x
Draga úr hraða umferðar í kringum skólann	Í samstarfi við Akraneskaupstað	x
Bæta aðstöðu á myndlistarsviði	Í vinnslu hjá skólum. og listkennara	x
Auka rými fyrir hefðb. íþróttakennslu innan skólans	Á ekki við	
Séraðstaða fyrir stjórn nemendafélagsins	x	
5. Lykilárangur		
Leita leiða til að draga úr brotthvarfi	Sífelluverkefni; 2023: Aukin þjón. við nem. í viðkvæmri stöðu	x
Skoða markvisst hvernig grunnþættir menntunar birtast í kennsluáætlunum og hver upplifun nemenda er af vinnu með grunnþætti menntunar í skólanum	2023-24 – Skipuleggja nálgun vor og haust	x



F) Fjármál – rekstur FVA

	2023	2022
Aðrar rekstrartekjur	-5.802.000	-6.275.000
Samtals aðrar rekstrartekjur	-5.802.000	-6.275.000
Sértekjur	-74.450.647	-80.143.217
Samtals sértekjur	-74.450.647	-80.143.217
Dagvinna	549.819.744	499.695.266
Vaktaálag	2.571.891	1.523.874
Aukagreiðslur	4.820.508	3.264.115
Yfirvinna	104.816.273	99.930.775
Launatengd gjöld	153.269.547	139.610.715
Orlof	4.658.724	4.115.449
Samtals launagjöld	819.956.687	748.140.194
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	45.940	240.000
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	323.232	53.100
Fundir, námskeið og risna	4.617.005	3.544.543
Akstur	3.556.633	2.610.381
Samtals ferðir og fundir	8.542.810	6.448.024
Tímarit, blöð og bækur	960.459	998.820
Skrifstofuvörur og áhöld	3.738.122	2.632.398
Aðrar vörur	38.428.789	35.672.672
Samtals rekstrarvörur	43.127.370	39.303.890
Tölvu og kerfisfræðipjónusta	14.482.510	12.992.536
Önnur sérfræðipjónusta	20.917.757	12.906.559
Sími og ýmis leigugjöld	8.644.235	11.700.892
Prentun, póstur, augl., flutningar	2.267.497	1.569.332
Samtals aðkeypt þjónusta	46.311.999	39.169.319
Húsaleiga og aðk. ræsting	214.620.658	200.357.004
Rafmagn og heitt vatn	10.631.294	7.798.188
Verkkaup og byggingavörur	2.998.103	4.528.104
Samtals húsnæði	228.250.055	212.683.296
Verkstæði og varahlutir	1.455.893	1.598.337
Brennsluefni og olíur	794.657	58.829
Samtals bifreiðar og vélar	2.250.550	1.657.166
Vextir, bætur, skattar	603.471	376.200
Afskriftir eigna	14.616.676	12.337.688
Tilfærslur		37.530
Samtals rekstrarkostnaður	15.220.147	12.751.418
Framlag ríkissjóðs	-1.094.550.389	-972.983.022
Framlag til afskrifta	-14.616.676	-12.337.688
Samtals framlag ríkissjóðs	-1.109.167.065	-985.320.710
Rekstrarafkoma	-25.760.094	-11.585.620



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Ársvelta á árinu 2023 var 1.189,4 milljónir kr. samanborið við 1.071,5 milljónir kr. árið 2022 og afkoman 25,8 milljónir kr. samanborið við 11,6 milljónir kr. á árinu 2022. Hrein eign FVA er skv. efnahagsreikningi er 130,3 milljónir í árslok og eignir samtals 263,1 milljónir.

Sértekjur skólans á árinu námu 74,5 millj. kr. samanborið við 80,1 millj. kr. á árinu 2022.

Fraglag úr Ríkissjóði til skólans nam 1.109 millj. kr. samaborið við 985,3 millj. kr. árið 2022.

Heildargjöld skólans á árinu 2023 námu 1163,7 millj. kr. en á árinu 2022 voru heildargjöldin 1060,1 millj. kr.

Í lok árs 2023 var framlag til FVA aukið um 29,4 milljónir kr. vegna námsorlofa á árinu, 6,5 milljónir vegna umfangsmeiri starfsbrautar m.v. áður gerðar áætlanir auk 1,4 milljóna v. kennslu á ÍSAN áfanga og Þ4. Þá voru á sama tíma færðar 25 milljónir kr. í varasjóð MRN vegna afgangss af rekstri stofnunarinnar.

G) Prófíll FVA

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Fjölbrautaskóli Vesturlands var með um 480 nemendur (meðaltal nemenda beggja anna er 476,5) og 66 starfsmenn í alls um 63 stöðugildum (meðaltal alls ársins). Skólinn starfar í um 7.330 m² húsnæði auk rúmlega 1.250 m² heimavistar. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2023 voru 490.

Námsframboð:

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Á vorönn 2023 voru 77% nemenda í dagskóla og 23% í dreifnámi. Á haustönn 2023 var hlutfallið 76% nemenda í dagskóla og 24% í dreifnámi.

Framkvæmd markmiða:

Markmiðum í áætlun/stefnuskjali frá árinu 2022 var fylgt eftir á árinu 2023. Stefnuskjalið var uppfært haustið 2023 til næstu þriggja ára. Til viðbótar er yfirlit yfir önnur áhersluverkefni og aðgerðir á árinu 2023 sem tengjast skólastarfinu.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Heildstætt innra mat á öllum helstu þáttum skólastarfsins og starfseminnar á skólaárinu fer fram árlega og eru niðurstöður teknar saman í skýrslu sem skilað er til ráðuneytisins, síðast í ágúst 2023. [Skýrslur um Innra mat](#) eru aðgengilegar á vef skólans.

Úttektir:

Ytra mat, þ.e. úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, fór fram haustið 2022 á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins. [Niðurstaða Ytra mats](#) er aðgengileg á vef FVA. Tilgreind voru umbótatækifæri í úrvinnsluáætlun matsins. Sjá yfirlit yfir stöðuna í árslok 2023 á bls. 17 hér framar.



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Rekstrarstaða, afkoma:

Ársvelta á árinu 2023 var 1.189,4 milljónir kr. samanborið við 1.071,5 milljónir kr. árið 2022 og afkoman 25,8 milljónir kr. samanborið við 11,6 milljónir kr. á árinu 2022. Hrein eign FVA er skv. efnahagsreikningi er 130,3 milljónir í árslok og eignir samtals 263,1 milljónir.

Brotthvarf:

Brotthvarf nemenda hjá FVA var 5,6% á skólaárinu 2022-2023, skv. bráðabirgðatölum MRN. (Skilgreining ráðuneytisins á brotthvarfi: Það hlutfall nemenda (nýnema) sem hafa hætt í framhaldsskóla á skólaárinu án þess að útskrifast eða flytja sig í annan framhaldsskóla).

Stjórnun:

Stjórnun er í höndum skólameistara, ásamt aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra, gæðastjóra og tíu deildarstjóra.

Samvinna við aðra:

FVA á samvinnu við skóla, fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi og víðar, þ.m.t. grunnskóla, framhaldsskóla, fyrirtæki og stofnanir. Skólinn á einnig samstarf við skóla erlendis.

Sérstakar áherslur / sérsvið FVA

FVA er hefðbundinn bóknáms- og verknámsskóli sem þjónar nemendum úr nágrannasveitarfélögum á Vesturlandi. Í verknámi er hægt að leggja stund á vélvirkjun, húsmíði og rafvirkjun í dagskóla. Þá er í boði dreif- og helgarnám í húsmíði og á sjúkraliðabraut. Við skólann er starfrækt öflug starfsbraut. Nemendur af Vesturlandi og víðar eiga þess kost að búa á heimavist.

Sérstaða FVA felst m.a. í fjölbreyttu námsframboði og afreksíþróttasviði í samstarfi við Akraneskaupstað og íþróttafélögin á svæðinu, sterkum tengslum við skóla og atvinnulíf, notalegu andrúmslofti og persónulegri þjónustu við nemendur.

Framtíðarsýn FVA

Eftirsóknarvert náms- og starfsumhverfi sem einkennist af framsæknum kennsluháttum, jákvæðum skólabrag, gagnkvæmri virðingu og jafnrétti

Hlutverk skólans

Þjóna fjölbreyttar námsleiðir sem efla færni, ábyrgð og þrautseigju nemenda og gera þeim kleift að nýta hæfileika sína til fulls